


Hvernig varð sérgrein lækna fyrir valinu? Hvar lærðu þeir?
Hvaða ráð gefa þeir ungum læknum?

Jón R. Kristinsson
barnalæknir



Barnalækningar gefandi starf

Hvað varð til þess að ég valdi barnalækningar sem mína sérgrein? Ungur læknir veit lítið hvað lífið hefur upp á að bjóða, sérlega þar sem margar sérgreinar voru í þróun á mínum unglæknaárum fyrir 50 árum síðan.

Ákvörðun um að verða læknir var farin að mótast hjá mér mjög snemma. Ég er uppalinn í sveit svo þegar lækningar vöktu áhuga minn var það annaðhvort um manna- eða dýralækningar að velja. Ég kynntist vel dýralækni sveitarinnar en hann var þýskur að uppruna og hafði tekið þátt í seinni heimsstyrjöldinni. Þetta var maður með víðtæka reynslu, afar duglegur og að mér fannst töframaður við lækningar dýra.

Allt grunnnám mitt var heimavið og í Menntaskólanum á Laugarvatni. Ég tók svo ákvörðun um að fara í læknisfræði við Háskóla Íslands. Góður tími þar með frábærum samnemendum og góðum kennurum. Á kandidatsárinu var dvalið á ýmsum deildum, meðal annars var ég sex mánuði á barnadeild Barnaspítala Hringins. Þar störfuðu mjög traustir og kunnáttusamir lækna. Þeir voru glöggir að greina vanda barnanna og viðhöfðu góða framkomu gagnvart börnunum og foreldrum. Þar má helst telja Kristbjörn Tryggvason yfirlækni og prófessor, Björn Júlíusson og Ólaf Stephensen og ekki síst Guðmund Jónmundsson sem síðar var náinn og góður samstarfsmaður minn til margra ára. Með dvöl minni hjá þessum góðu mönnum var teningunum kastað.

Ég og kona mín, Krístrún R. Benediktsdóttir, héldum í sérnám til Svíþjóðar 1975, á Jönköpings Regionssjúkhus og dvöldum þar í sex ár, Krístrún í sérfræðinámi í meinafræði og ég í almennum barnalækningum. Um tíma var ég einnig við störf og nám á háskólasjúkrahúsinu í Lindkøping, þar sem ég tók meðal annars þátt í vísindastörfum.

Í mínu klíniska starfi ætlaðist það svo að ég fylgdi eftir börnum með gigtarsjúkdóma og einnig börnum með krabbameinsgreiningar. Á þessum árum var því miður lítið um meðferðarúræði fyrir þessa hópa, fá lyf og lítið af öðrum gagnlegum úrræðum.

Heim til Íslands komum við í ágúst 1981 þar sem ég fór að vinna á Barnadeild Hringins á Landspítala. Þar vann ég samfelld frá 1981-2014, það er til 71 árs aldurs.

Ég er uppalinn í sveit svo þegar lækningar vöktu áhuga minn var það annaðhvort um manna- eða dýralækningar að velja. Ég kynntist vel dýralækni sveitarinnar en hann var þýskur að uppruna og hafði tekið þátt í seinni heimsstyrjöldinni. Þetta var maður með víðtæka reynslu, afar duglegur og að mér fannst töframaður við lækningar dýra.

Þar sinnti ég öllum börnum með gigtarsjúkdóma og annan stoðkerfisvanda. Einnig sinnti ég ásamt kollega Guðmundi Jónmundssyni börnum með krabbamein og blóðsjúkdóma. Við tókum þátt í starfsemi samtakanna NOPHO (Nordic Society Of Pediatric Hematology and Oncology). Tímamót voru þegar lög samtakanna voru sett hér í Reykjavík 1984. Í gegnum þessi samtök höfum við krabbameinslækna barna tekið þátt í birtingu fjölda vísindagreina.

Frá árinu 1981 tók ég einnig að mér ásamt Gesti Pálssyni og Pétri Lúðvígssyni, barnalæknum, skoðun á börnum á vegum barnaverndarnefnda. Ég var fulltrúi í Barnaverndarráði Íslands á árunum 1987-2002. Með nýjum barnaverndarlögum varð þá til kæruneft barnaverndarmála 2002 en í þeirri nefnd sat ég í nokkur ár. Barnahús var sett á laggirnar 1997, á þeim starfsvettvangi var ég fulltrúi Barnaspítalans í nokkur ár.

Samhliða þessum störfum hef ég frá árinu 1983 rekið eigin læknastofu þar sem ég hef sinnt almennum barnalækningum.

Starfið hefur mér alla tíð fundist gefandi, þó á stundum erfitt, en fyrst og fremst skemmtilegt og áhugavert. Börnin hafa oft með yfirvegum og æðruleysi kennt manni margt og gott að finna þegar maður getur hjálpað og stutt fjölskyldur í vanda. Ég hef verið lánsamur að fá að starfa með góðu fólki.